



Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-12
150 Reykjavík

Reykjavík, 27. nóvember 2015

Efni: Umsögn Öryrkjabandalags Íslands (ÖBÍ) um frumvarp til laga um fjárlög 2016, þingskjal 1 -1. mál.

Grundvallarhlutverk ríkisvaldsins er að tryggja mannréttindi og þar á meðal að koma til móts við einstaklinga sem þurfa á aðstoð að halda. Mannréttindi einstaklinga verða þó aldrei tryggð nema samfélögin sem þeir búa í ákveði að deila til þess fjármunum.

Undanfarin ár hafa verið uppgangsár í íslensku samfélagi og hafa bæði launþegar sem og þjóðkjörnir fulltrúar fengið kjarabætur í takti við þann uppgang sem nú geisar um gjörvallt Ísland. Launþegar fengu sínu fram með vinnustöðvun og í sumum tilfellum með hörðum verkfallsaðgerðum, en þeir náðu sínu fram og það er vel. Kjararáð hins vegar úrskurðaði um bætt kjör þjóðkjörinna fulltrúa og voru krónutölurnar þar ansi myndarlegar þrátt fyrir að prósentuhækkunin væri mögulega svipuð og þekkist á almennum vinnumarkaði.

Lífeyrisþegar hafa ekki samningsrétt og eiga ekki einu sinni möguleika á verkfallsaðgerðum. Kjararáð lífeyrisþega er Alþingi eða væri kannski réttast að fella ákvörðun um kjör lífeyrisþega undir það sama kjararáð og úrskurðar kjör þjóðkjörinna fulltrúa? Á Íslandi er að finna fólk sem lifir við fátækt og í þeim hópi eru einnig börn.

Fjárlög fela í sér forgangs röðun og vilja hvernar stjórnar. Fjárlagafrumvarpið sem liggur fyrir er jákvætt á margan hátt ekki síst vegna þeirra upplýsinga sem liggja fyrir um stöðu efnahagslífsins og þar með stöðu ríkissjóðs sem boða betri tíð. Ríkissjóður mun skila hagnaði í lok árs 2016, en hverju skilar þessi hagnaður í raun ef fólk í landinu, fullorðnir og börn, sem búa við fátækt fá ekki notið þeirra fjármuna? Oft hefur verið sagt að góð efnahagsstjórn sé mikilvægasta velferðarmálið.

Samkvæmt alþjóða mannréttindasamningum ber ríkjum skylda til að grípa til ráðstafana til að tryggja félagsleg, efnahagsleg og menningarleg réttindi fólks að fullu. Ráðstafanirnar verða að vera skýrar og viðeigandi. Réttindin sem um ræðir eru m.a. réttur til viðunandi lífsafkomu, en í honum fellst réttur til fæðis, klæðis, aðstoðar, húsnæðis, heilsu og menntunar og rétturinn til sífellt batnandi lífsskilyrða.¹

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks

Frumvarp um fullgildingu samnings Samning þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks átti að fara fyrir Alþingi eigi síðar en á vorþingi 2013 samkvæmt framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks til ársins 2014. Frumvarpið hefur ennþá ekki verið lagt fyrir. Veita þarf fjármagni í þetta verkefni til að hægt sé að fullgilda samninginn sem fyrst.

Nú eru 159 ríki orðin aðilar að samningnum og er Ísland annað tveggja Norðurlanda sem ekki hafa fullgilt hann. Finnland er er að ljúka vinnu við fullgildingu um þessar mundir.

Tillaga:

Nýr fjárlagaliður fullgilding SRFF. Að fjármögnuð verði þrjú stöðugildi sérfræðinga hjá Innanríkisráðuneytinu til að innleiða og löggilda samninginn næstu þrjú árin eða um kr. 35.000.000 á ári.

Almannatryggingar

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 9,4% hækkun lífeyris almannatrygginga frá janúar 2016. Það er hækkun upp á rúm 18 til 22.000 kr. (fyrir skatt) fyrir lífeyrisþega með óskertar greiðslur eða rúm 11 til 13 þús. kr á mánuði eftir skatt enda breytir boðuð skattalækkun í 2. skattþrepi engu fyrir þennan hóp. Boðuð 9,4% hækkun er talsvert undir væntingum, kemur mjög seint, ætti að vera afturvirk 1. mars 2015² og óásættanlegt að hún fylgi ekki hækkun lágmarkslauna. Því er ljóst að lífeyrisþega munu ekki fá nauðsynlega kjarabót samkvæmt fyrirbyggjandi fjárlagafrumvarpi. Hækkun þessi breytir ekki lífskjörum fólks sem er með ráðstöfunartekjur vel innan við 200.000 kr. á mánuði eins og raunin er hjá þeim örorkulífeyrisþegum sem ekki hafa neinar aðrar tekjur en örorkugreiðslur TR. Aðrir lífeyrisþegar fá minni hækkun. Börn lífeyrisþega búa við skort og hafa ekki sömu tækifæri til jafns við önnur börn í íslensku samfélagi vegna þeirra bágu kjara sem foreldrum þeirra er úthlutað.

¹ Samningur SP um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, Félagsmálasáttmáli Evrópu og Samningur SP um réttindi fatlaðs fólks.

² Lífeyrisþegar eru ekki með samningsrétt og því er eðlilegt að afturvirkar greiðslur taki mið af niðurstöðu kjararáðs.

Framfærsluviðmið TR³ fyrir elli-, örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega er vel undir lágmarkslaunum, eins og sjá má á töflu 1. **Nú er því svo komið að óskertur lífeyrir almannatrygginga nemur tæpum 80% af lágstu launum.**

Tafla 1. Framfærsluviðmið og lágmarkslaun 2014 til 2016 – hækkunir og hlutfall.

	Maí- desember 2015 (8 mán)	Janúar – apríl 2016* (4 mán)	Maí- desember 2016 (8 mán)
Framfærsluviðmið**	193.962	212.194	212.194
Lágmarkslaun***	245.000	245.000	260.000
Mismunur lífeyris og lágmarkslauna í kr.	- 51.038	- 32.806	- 47.806

***9,4% hækkun lífeyris frá 1.1.2016.**

Til viðbótar geta lífeyrisþega sem búa einir fengið greidda heimilisuppbót, en um 70% lífeyrisþega fær **ekki greidda heimilisuppbót.

***Skv. samningi Starfsgreinasambandsins og SA, sem tók gildi 1.maí 2015.

Hámarkslífeyrisgreiðslur almannatrygginga árið 2015 ná aðeins um 37% af meðallaunatekjum. Síðustu ár hefur lífeyrir almannatrygginga hækkað mun minna en lágstu laun, eins og sjá má í töflu 2, og nær sú þróun lengra aftur í tímann.

Tafla 2. Samanburður hækkunar lífeyris og launavísitölu 2014 – 2015.

	2014	2015	Samtals
Hækkun lífeyris %	3,6%	3%	hækkun
Hækkun launavísitölu %*	6,7%	6,3%	
Hámarkshækkun lífeyris almannatrygginga (kr. fyrir skatt)**	6.544 kr.	5.649 kr.	12.193 kr.
Hækkun lágmarkslauna***	10.000 kr.	31.000 kr.	41.000 kr.

*Vísitölhækkun frá janúar til janúar.

** Einungis lítil hópur fær hámarkshækkunina, flestir fengu minni hækkun. Miðað við framfærsluviðmið almannatrygginga (án heimilisuppbótar sem einungis um 30% lífeyrisþega fá greidda).

*** Skv. kjarasamningi SA og SGS í maí 2015.

Kjaragliðnunin óleiðrétt.

Lífeyrisþegar eiga auk þess inni talsverða hækkun vegna kjaragliðnunar allt fá árinu 2009, eins og fram kemur í skýrslu Talnakönnunar hf um þróun bóta TR til öryrkja 2008-2013. ÖBÍ hefur ítrekað skorað á stjórnvöld að efna gefin loforð um leiðréttingu kjaragliðunarinnar, en þess í stað hefur kjaragliðnunin aðeins aukist.

³ Með framfærsluviðmiði er átt við óskerta upphæð lífeyris til einstaklings sem hefur ekki neinar tekjur annars staðar frá. Sökum þess að einn uppbótaflokkur (sérstaka framfærsluuppbótin) skerðist krónu á móti krónu við aðrar skattskyldar tekjur eru um þriðjungur lífeyrisþega í þeirri stöðu að heildartekjur þeirra eru þær sömu með og án tekna annars staðar frá. Upphæðin frá TR lækkar um sömu krónutölu og þeir fá greitt annars staðar frá.

Hvað er til ráða?

Í ályktun aðalstjórnar ÖBÍ frá 27. maí 2015⁴ var gerð sú krafa að lífeyrir almannatrygginga **hækki að lágmarki** í samræmi við krónutöluhækkun lægstu launa í yfirstandandi kjarasamningagerð.

Tillaga /áskorun

Opinn fundur Öryrkjabandalagsins sem haldinn var 21. nóvember sl. skoraði á þingmenn að hafa áhrif á fjárlagagerð ríkisins fyrir árið 2016 með eftirfarandi hætti:

Lífeyrir almannatrygginga hækki afturvirktt um sömu krónutölu og lægstu laun hækkðu 1. maí sl. (31.000 kr. fyrir skatt).

Lífeyrir almannatrygginga hækki um 15.000 kr. frá 1. maí 2016 (samhliða hækkun lágmarkslauna).

Þá er einnig farið fram á að krónu-á-móti-krónu skerðing sérstakrar framfærslu-uppbótar verði afnumin hið fyrsta.

Áskorun þessi er rækilega studd af niðurstöðu Gallup könnunar frá 20. nóvember sl. ⁵þar sem fram kemur að mjög mikill stuðningur (95%) er við krónutöluhækkun lífeyris almannatrygginga í samræmi við hækkun lægstu launa en þriðjungur aðspurðra töldu að lífeyrir ætti að hækka meira en lægstu laun. Auk þess sem um 90% aðspurðra voru sammála þeirri fullyrðingu að einstaklingstekjur upp á 172 þúsund kr. á mánuði myndi ekki nægja til framfærslu. Helstu niðurstöður Gallupkönnunarinnar fylgja með umsögninni.

Í frumvarpi til fjárlaga er ráðgert að lækka framlag fyrir frekari uppbætur skv. lögum um félagslega aðstoð nr. 99/2007 um 40,7%. Brýn nauðsyn er að setja viðbótarfjármagn í þennan lið til að mæta hækkun tekju- og eignaviðmiða, en skv. 6.gr. reglugerðar nr. 1052/2009 segir að uppbætur þessar skuli taka breytingum á sama hátt og bætur og tekjumörk samkvæmt lögum um almannatryggingar.

Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA)

Þróunarverkefni NPA átti að ljúka í lok árs 2014 og leiða átti þá þetta form aðstoðar í lög, en ákveðið var að framlegngja það til loka árs 2016. Þá er gert ráð fyrir að búið verði að endurskoða lög um málefni fatlaðs fólks og gera faglegt og fjárhagslegt mat á verkefninu. Mæta verður auknum kostnaði við verkefnið vegna þessarar framlengingar þannig að það verði þróað áfram og fleiri fái val um að nýta sér NPA.

⁴ <http://www.obi.is/utgafa/frettir/nr/1775>

⁵

Ríki og sveitarfélög hafa ekki mætt auknum kostnaði við NPA samninga vegna kjarasamningsbundinna launahækkana aðstoðarfólks sem tóku gildi 1. maí 2015. Þessi seinagangur hefur leitt til þjónustuskerðingar við notendur sem flestir notenda geta ekki búið við þar sem einstaklingar eru algjörlega háðir aðstoð og geta jafnvel verið í lífshættu ef hann fær ekki aðstoð.

Gert er ráð fyrir 150 m.kr. í verkefnið á næsta ári sem fer af fjármagni sem er veitt í Framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks. 65 m.kr af þessari fjárhæð er ónýtt fjármagn frá árinu 2015, þannig að í raun eru eingöngu veittar 85 millj. kr. í verkefnið árið 2016. Við teljum að nýta ætti fjármagn þessa árs til að mæta auknum kostnaði notenda vegna kjarasamningsbundinna launahækkana og veita umfram það 150 millj. kr. til NPA verkefnisins þannig að fjölga mætti samningum árið 2016 og þróa þannig verkefnið áfram.

Höggva þarf á þann hnút sem nú er í samskiptum ríkis og sveitarfélaga varðandi fjármögnun á þjónustu við fatlað fólk. Þessi staða sem nú er uppi setur líf fatlaðs fólks úr skorðum og er frelsisheftandi.

Tillögur:

Setja þarf aukið fjármagn, skv útreikningum NPA miðstöðvarinnar, í þróunar - verkefni NPA vegna framlengingar þess um tvö ár. Þróa verður það áfram þannig að fleiri einstaklingar fái val um að nýta sér NPA.

Mæta þarf auknum kostnaði við NPA samninga, hið fyrsta, vegna kjarasamningsbundinna launahækkana aðstoðarfólks sem tóku gildi 1. maí 2015. Það er hægt að gera með því að nota ónýtt fjármagn frá árinu 2015 að upphæð 65 millj. króna.

Framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks

Gert er ráð fyrir 211,1 millj kr í framkvæmdaáætlun um málefni fatlaðs fólks og þar af fara 150 millj. kr. í tilraunaverkefni um notendastýrða persónulega aðstoð, þannig að 60 millj. kr. eru eftir fyrir verkefni framkvæmdaáætlunar. Sú upphæð er allt of rýr en verulega aukið fjármagn þarf til að koma til móts við þau verkefni sem löggjafinn hefur áætlað.

Tillaga:

Gera þarf raunhæfa kostnaðaráætlun samfara framkvæmdaáætluninni þannig að verkefni hennar séu fjármögnuð með skynsamlegum hætti.

Húsnæðismál

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 1 milljarðar króna framlagi til byggingar félagslegra íbúða. Öryrkjabandalagið hefur lengi talað fyrir bættu leiguíbúðakerfi. Skortur er á ódýru og hagkvæmu húsnæði á markaðnum, sem hentað getur þeim hópum í þjóðfélaginu sem hafa minnst ráðstöfunarfé milli handanna, þ.á.m. ungum fjölskyldum, námsfólki, öldruðum og örorkulífeyrisþegum. Því má fagna áætlunum stjórnvalda um að 2.300 íbúðir verði byggðar á næstu fjórum árum sem eingöngu er ætlað leigjendum undir ákveðnum tekju- og eignamörkum.

Ákvæði byggingarreglugerðar um algilda hönnun er forsenda þess að fólki sé ekki mismunað um aðgengi að mannvirkjum. Í landslögum og alþjóðlegum sáttmálum sem Ísland hefur undirritað, eins og lögum um mannvirki nr. 160/2010 og Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, er kveðið á um að aðgengi eigi að vera tryggt fyrir alla að öllu húsnæði og að stjórnvöld eigi að ryðja úr vegi hindrunum og tálum sem hefta aðgengi.

Þjóðin er að eldast og þörfin fyrir aðgengilegt húsnæði eykst fremur en minnkar. Áætlanir ríkisstjórnarinnar miða að því að gera fólki kleift að búa lengur heima, enda er í frumvarpinu gert ráð fyrir að framlög til heilsugæslunnar verði hækkuð um 100 m.kr. til að efla heimahjúkrun. Samt mun fjöldi fólks áfram þurfa að flytja á stofnun á hverju ári vegna þess að það býr í húsnæði sem er orðið því óaðgengilegt.

Tillaga:

Stjórnvöld setji á fót félagslegt leiguíbúðakerfi sem hentað getur öllum þeim þjóðfélagshópum sem hafa lágar tekjur. Unnt er að byggja litlar, aðgengilegar og hagkvæmar íbúðir án þess að skerða réttindi fatlaðs fólks og aldraðra.

Í umsögn ÖBÍ um frumvarp til laga um húsnæðisbætur⁶ eru að finna fyrstu viðbrögð bandalagsins við frumvarpinu. Meðal annars er bent á að hækka þurfi reiknistuðla og frítekjumörk frumvarpsins, svo það nái þeim tilgangi að lækka húsnæðiskostnað hjá tekjulágum leigjendum og á það sérstaklega við um heimili með fleiri en einum. Stuðlarnir í frumvarpi um húsnæðisbætur fyrir heimili með fleiri en einn einstakling eru lægri en reiknistuðlarnir sem vinnuhópur um húsnæðisbætur á vegum velferðarráðuneytisins reiknaði út.⁷ Við gerð stuðlanna nýtti vinnuhópurinn samræmda skilgreiningu Eurostat á heildarhúsnæðiskostnaði og gögn úr lífskjararannsókn Hagstofu Íslands. Í athugasemdum við frumvarp um húsnæðisbætur kemur fram að „lagt er til að húsnæðisbætur taki mið af þeim stuðlum“, þ.e. ofangreindum stuðlum úr skýrslu vinnuhópsins.

⁶ Þingskjal 1402 – 788. mál. Umsögn dags. 2.9.2015.

⁷ Skýrsla vinnuhóps um húsnæðisbætur. Maí 2012. http://www.velferðarraduneyti.is/media/rit-og-skyrslur2012/Husnaedisbaetur_21052012.pdf

Atvinnumál fatlaðs fólks

Við lýsum yfir ánægju með farsæl málalok varðandi ábyrgð atvinnumála fatlaðs fólks og að undirrituð hafi verið viljayfirlýsing velferðarráðuneytisins og Vinnumálastofnunar annars vegar og Sambands íslenskra sveitarfélaga hins vegar um framtíðarskipan atvinnumála fatlaðs fólks. Tryggja þarf að það fjármagn sem gert er ráð fyrir í kostnaðargreiningu á nýskipan atvinnumála, rúmlega 220 millj. kr. skili sér tímanlega til Vinnumálastofnunar.

Til að auka möguleika fatlaðs fólks á hinum almenna vinnumarkaði þarf að innleiða evróputilskipun nr. 2000/78/EB um jafna meðferð á vinnumarkaði og í atvinnulífi. Þá þarf að ljúka fullgildingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks hið fyrsta.

Bifreiðamál hreyfihamlaðra

Ný reglugerð tók gildi 1. nóvember sl. sem kveður á um 20% hækkun uppbóta og styrkja til hreyfihamlaðra einstaklinga vegna bifreiða, en þær höfðu verið óbreyttar frá 2009. Tillögur starfshóps um endurskoðun bifreiðamála hreyfihamlaðra í skýrslu frá því í desember 2014⁸ miðast við 50% hækkun, enda hafði verð og rekstrarkostnaður bifreiða hækkað umtalsvert á þessum árum. Áætlanir starfshópsins gera ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs muni aukast um 210 m.kr. á ári við samþykkt þessara og annarra tillagna hópsins

Tillaga:

Fjárheimildir Tryggingastofnunar ríkisins verði hækkaðar til að mæta frekari hækkun uppbóta og styrkja til hreyfihamlaðra einstaklinga vegna bifreiða, sem tæki gildi með reglugerðarbreytingu.

Skattamál

Samkvæmt frumvarpinu á að lækka skatthlutfallið í miðprepi tekjuskatts einstaklinga um 1,4% og skatthlutfalli í fyrsta þrepi um 0,18%. Enn og aftur fara tekjulægstu hóparnir að mestu leyti á mis við skattalækkanir. Með fjárlögum 2015 lækkaði skattprósenta í 2. skattþrepi um 0,48%⁹ en skattprósentan í 1. skattþrepi aðeins um 0,02%.¹⁰

⁸ <http://www.velferdarraduneyti.is/media/rit-og-skyrslur-2014/Skyrsla-starfshops-um-studningskerfi-vegna-hreyfihamladra---lokaeintak-17.12.2014.pdf>

⁹ Úr 40,22% í 39,74%.

¹⁰ Úr 37,32% í 37,30%.

Fyrirhuguð skattalækkun í 1. skattþrepi, 0,18%, þýðir hækkun ráðstöfunartekna á bilinu 5.600 kr til 6.500 kr. á ári fyrir stóran hóp lífeyrisþega. Því er ljóst að það bætir ekki lífsafkomu þeirra. Ráðstöfunartekjur einstaklings með 700.000 kr. á mánuði í atvinnutekjur myndu hins vegar hækka um 135.276 kr. á ári. Á fylgiskjali x. eru tvær töflur sem sýna breytingar á ráðstöfunartekjum í kjölfar skattalækkunar skv. frumvarpinu annars vegar og tillögu ÖBÍ hins vegar.

Tillaga:

Lagt er til að lækkaður verði skattur í 1. skattþrepi um 1,4% en prósentuhlutfall annarra skattþrepa haldist óbreytt.

Í viðhengi er að finna töflu sem sýnir samanburð á tillögu um skattalækkun í frumvarpinu annars vegar og tillögu ÖBÍ hins vegar og hvernig þær koma út fyrir miðað við tekjur við framfærsluviðmið TR og atvinnutekjur að upphæð 300.000 kr. og 700.000 kr. á mánuði.

Frekari tillögur að úrbótum í skattamálum:

Tillaga: Hækkun persónuafsláttar er einföld og skilvirk leið til að bæta stöðu lágtekjufólks.

Lagt er til að persónuafsláttur verði hækkaður verulega, til að lækka skattbyrði og þá sérstaklega til að ná til tekjulágra skattgreiðenda. Hækkun persónuafsláttar er einföld og skilvirk leið og flækir ekki skattkerfið. Í dag greiða skattgreiðendur tekjuskatt af tekjum yfir 136.467 kr.¹¹. Lagt er til að persónuafsláttur verði hækkaður frá 1. janúar 2016 þannig að skattleysismörkin verði við 250.000 kr. á mánuði. Í frumvarpinu er hins vegar gert ráð fyrir 3% hækkun persónuafsláttar (1.527 kr.).

Tillaga: Afnám skattlagningar uppbóta vegna útlagðs kostnaðar

Af mánaðarlegum greiðslum uppbótar á lífeyri¹² og uppbóta til hreyfihamlaðra vegna reksturs bifreiðar er tekinn 37,3% tekjuskattur. Lagt er til að ofangreindar greiðslur séu undanþegnar skatti enda er um greiðslur að ræða vegna útlagðs kostnaðar eða viðbótar kostnaðar vegna fötlunar eða skerðingar.

¹¹ Ef tekið er tillit til 4% iðgjalds í lífeyrissjóð er upphæðin 142.150 kr. á mánuði.

¹² Dæmi um uppbætur á lífeyri vegna útlagðs kostnaðar má nefna: Kaup á heyrnatækjum, lyfjum, rafmagnskostnaður vegna súrefnissíu og umönnun í heimahúsi

Niðurfelling VSK af lyfjum og hjálpartækjum

Í svari heilbrigðisráðherra Kristjáns Þór Júlíussonar við þeirri spurningu hvort hann hyggist leggja til að lyf fari í lægra þrep virðisaukaskatts til að draga úr lyfjakostnaði einstaklinga segir orðrétt:

„Við þær breytingar sem gerðar voru á virðisaukaskatti um síðustu áramót var rætt um þennan möguleika en ekki varð af því. Ráðherra mun taka þetta mál aftur upp þegar næst verða ræddar breytingar á virðisaukaskattskerfinu.“¹³

Í frumvarpi til fjárlaga eru lagðar til breytingar á virðisaukaskattskerfinu, s.s. að færa áfengi úr efra í neðra skattþrep auk breytinga á lögum um virðisaukaskatt vegna fólksflutninga.

Skv. nýlegri könnun hafa örorkulífeyrisþegar hæstu útgjaldabyrðina vegna heilbrigðisþjónustu eða tæp 10% af ráðstöfunartekjum að meðaltali. Hlutfall þeirra sem fresta að leita sér lækniþjónustu vegna kostnaðar hækkar stöðugt.¹⁴

Tillaga:

Frá janúar 2016 verði virðisaukaskattur af lyfjum og af hjálpartækjum fyrir fatlað fólk, örorkulífeyrisþega og aldraða afnumin.

Að lokum

Í mannréttindasamningum kemur fram að öll mannréttindi eru samvinnuð og tengd. Eins og áður segir, ber ríkjum að tryggja félagsleg réttindi einstaklinga í virkum skrefum og vinna að því að einstaklingar búi við stöðugt batnandi lífsafkomu.

Stjórnvöld eru hvött til að forgangsraða í þágu velferðar og mannréttinda svo fólk á Íslandi búi við mannsæmandi framfærslu, heilbrigðisþjónustu og velferð sem sæmir norrænu velferðarríki. Í Gallup könnun sem ÖBÍ lét vinna nú fyrr í nóvembermánuði er ljóst að yfir 90% aðspurðra vilja að lífeyrisþegar eigi að njóta mun betri kjara en þeir búa nú við. Við verðum að treysta því að fjárlögin eigi eftir að taka breytingum við frekari umræðu og áður en þau verða samþykkt, samfélaginu öllu í hag.

Alþingismenn verða að sýna það í verki að þeir vilji vinna að betra samfélagi fyrir alla, ekki bara suma.

¹³ <http://www.althingi.is/altext/144/s/1285.html>

¹⁴ Könnun Rúnars Vilhjálmssonar prófessors við HÍ. <http://www.ruv.is/frett/oryrkjar-greida-hlutfallslega-mest>

Ekkert um okkur án okkar.

Virðingarfyllst,

Ellen Calmon
formaður ÖBÍ

Fylgiskjöl:

Niðurstöður Gallup könnunar. Framfærsla. Nóvember 2015.

Breyting á ráðstöfunartekjur í kjölfar tveggja tillagna um skattalækkun.